

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

2. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 2. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 7. janúar 2026 kl. 13:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Guðveig L Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð (sat fundinn á Teams)
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG
- Lilja Björg Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar

Samþykkt var að Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG riti fundargerð.

1. Samningur við KPMG

Lögð fram drög að viðauka við verksamning við KPMG um aðstoð við undirbúningsstjórn.

Jón Hrói og Lilja Ósk viku af fundi á meðan umræður fóru fram.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

2. Samskiptasáttmáli

Umræða um sáttmála um samskipti undirbúningsstjórnar. Undirbúningsstjórn sammælist um að:

- gæta trúnaðar um það sem fram fer á fundum nefndarinnar
- temja sér jákvæðni
- vinna saman sem teymi að sameiginlegum markmiðum
- vera lausnamiðuð
- sýna hvert öðru virðingu
- gefa rými fyrir skoðanaskipti og ólík sjónarmið
- vera heiðarleg í störfum og samskiptum
- vera til staðar á meðan á fundi stendur

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

3. Fundarboðun og tilhögun funda

Lagt til að formaður undirbúningsstjórnar í samvinnu við ráðgjafa frá KPMG boði til funda undirbúningsstjórnar. Lagt var til að fundir verði að jafnaði haldnir á staðnum í ráðhúsi Borgarbyggðar en heimilt verði að taka þátt í gegn um fjarfundarbúnað. Ráðgjafar frá KPMG sitja fundi undirbúningsstjórnar að jafnaði í gegn um fjarfundarbúnað.

Ákveðið var að fundir verði haldnir annan hvern miðvikudag kl. 10:00 og að næsti fundur verði 21. janúar 2026.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

4. Þóknun til fulltrúa í undirbúningsstjórn

Lagt til að þóknun til fulltrúa verði samkvæmt gjaldskrá Borgarbyggðar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Verkefni undirbúningsstjórnar

Kynning á verkefnalista undirbúningsstjórnar og umræða um skipulag þeirrar vinnu sem fram undan er. Ráðgjöfum frá KPMG falið að gera verkefnayfirlit og tillögu að verklagi með hliðsjón af umræðunum.

Fundi slitið kl. 14:30.